

Reykjavík, 9. október 2020

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
anr@anr.is

Efni: Umsögn SVP – Samtaka verslunar og þjónustu um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun.

Hinn 28. september sl. birti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Frumvarpsdrögin hafa verið yfirfarin á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu.

Almennt eru SVP jákvæð í garð efnis frumvarpsdraganna. Það er tímabært að fyrirkomulag opinbers stuðnings við nýsköpun sé tekið til gagnerrar endurskoðunar með aukinn sveigjanleika að leiðarljósi. Jafnframt er það mat samtakanna að skynsamleg verkefnatilfærsla sé boðuð með frumvarpinu.

Sérstök ástæða er til þess að fagna þeim áformum ráðherra að auka möguleika fyrirtækja á einkamarkaði til að annast mælingar og prófanir. Undanfarin tvö ár hafa SVP átt fulltrúa í faggildingarráði sem hefur haft það hlutverk að styrkja starfsemi faggildingar á Íslandi á vettvangi samráðsvettvangs hins opinbera og helstu haghafa. Víða í Evrópu og Bandaríkjunum eru slík verkefni nú þegar í höndum faggiltra fyrirtækja og hefur reynsla manna af því fyrirkomulagi verið afar jákvæð. Eins og tekið er fram í kafla 2.2 í greinargerð frumvarpsins (bls. 7) vinnur faggildingarsvið Hugverkastofu að öflun jafningjamats sem mun í ýmsu tilliti gera faggiltum aðilum hér á landi fært að annast samræmismat sem hefur gildi á öllu EES-svæðinu. Kröfur til faggiltra aðila hafa þegar verið innleiddar hér á landi með setningu reglugerðar um markaðseftirlit, faggildingu o.fl., nr. 566/2013, en með henni var reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum, leidd í íslenskan rétt. Með þessu fyrirkomulagi stendur stjórnvöldum til boða að koma upp fyrirkomulagi sem hefur sýnt sig að stuðli að hagkvæmri framfylgd lagalegra krafna, auki möguleika á nýsköpun, dragi úr þörf fyrir að eftirlit sé fjármagnað af hinu opinbera og eykur traust neytenda og fyrirtækja. Faggilding tryggir þannig hagkvæma og áreiðanlega hágæðapjónustu sem eykur reglufylgni en dregur á sama tíma úr stjórnsýslubyrði og skriffinnsku. Í faggildingu eru ekki aðeins fólgin tækifæri til að efla og samræma mælingar og prófanir heldur mun aukin áhersla hins opinbera á faggildingu auka skilvirkni í faggildingarstarfsemi og draga úr kostnaði. Samhliða eykur faggilding möguleika íslenskra framleiðslufyrirtækja til aðgangs að erlendum mörkuðum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt upp með að ráðherra stofni einkahlutafélag um rekstur *Nýsköpunargarða*. Samkvæmt umfjöllun í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að þar verði starfrækt tækni- og rannsóknarsetur. Ætlunin er að Nýsköpunargarðar muni byggja á grunni Efnis-, líf- og orkutækni og Rannsóknastofu byggingariðnaðarins hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Er lagt upp með að félagið styðji við starfsemi frumkvöðla og fyrirtækja á sviði hátækni, verkfræði og skyldra greina. Hugtakið *nýsköpun* merkir það að stuðla að framförum með nýjum hugmyndum, verklagi eða uppgötvunum. Af því leiðir að nýsköpunarhugtakið er mjög víðtækt og þó svo undir það falli nýsköpun á sviði hátækni,

verkfræði og skyldra greina kann að felast nokkur smættun í því að kenna félag sem ber að styðja við nýsköpun á afmörkuðum sviðum við nýsköpun sem slíka. Ástæðan er sú að nýsköpun hefur í raun engin slík landamæri. Má sem dæmi nefna að umtalsverð nýsköpun hefur átt sér stað undanfarin ár og áratugi á vettvangi viðskipta og menntunar. Nýverið fjallaði Karl Ágúst Úlfsson um skapandi hugsun á sviði lista en sú umfjöllun er í raun ákall um nýsköpun á sviði lista og menningar. Að mati SVP kann orðið *Nýsköpunargarðar* þannig að gefa til kynna að nýsköpun sé bundin við þrengri svið en raunin er. Leyfa SVP sér því að taka undir tillögu sem kemur fram í umsögn Bjarnheiðar Jóhannsdóttur frá 29. september sl. þar sem hún leggur til nafnið *Hátækningarðar*.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur



Þórunn K. Jónsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri